

Þórbergur fundinn

Soffía Auður Birgisdóttir:

Ég skapa – þess vegna er ég.

Um skrif Þórbergs Þórðarsonar.

358 bls. Bókaútafan Opna,

Reykjavík 2015.

Það var tekið að vetra í ævi Þórbergs Þórðarsonar í júní árið 1971 þegar þeir þögðu saman hann og Mathías Johannesen, ólíkt því sem hafði verið tólf árum fyrr þegar þeir settu saman *Í kompaníi við allífið*. „Þetta er að verða búið“, sagði Þórbergur loks. „Hvað?“ spurði Matthías. „Lífið“ svaraði Þórbergur. Og þá bar Matthías fram spurninguna stóru: „Heldurðu enn að þú vaknir hinum megin?“ Og Þórbergur svaraði: „Ég held að ég sofni aldrei. Ég fer beint yfir.“¹

Og má til sanns vegar færa, að minnsta kosti í yfirfærðri merkingu, að Þórbergur hafi aldrei fest blund því sjálfst dánarárið fór í gang þrettán binda heildarútgáfa á verkum hans og um leið sköpuðust alveg nýjar forsendur til að meta hann sem höfund. Sá sem mestan veg og vanda hafði af útgáfunni var Sigfús Daðason, skáld, og kórónaði verkið með ítarlegustu yfirlitsgrein um Þórberg fram að því. Sem hann lauk með þessum orðum:

„Má segja með vissu að hróður Þórbergs aukist með ári hverju.“²

Þetta var árið 1981 og spurning hvort jafnvel Sigfús hefur órað fyrir skriðunni sem var í þann mund að falla. *Bréf til Sólu* komu út árið 1983 og höfðu að geyma fimmtíu ástarbréf frá hendi Þórbergs rituð á árunum 1922-1931. Þar steig fram í sviðsljósið Þórbergur eins ólíkur hinum

¹ Matthías Johannesen, *Í kompaníi við Þórberg* (1989), bls. 382.

² Sigfús Daðason, *Þórbergur Þórðarson, Andvari* 1981, bls. 39.

opinbera Þórbergi og hugsast gat. Sem ætti ekki að vera tiltökumál, öll getum við væntanlega tekið undir með brjálaða manninum í Markúsarguðspjalli sem svaraði þegar Jesús spurði hann að heiti: „Hersing heiti ég, við erum margir.“

En nú var helsti aflvaki sköpunar Þórbergs og yfirlýst markmið hin bersögla og hreinskilna sjálfsævisaga. Það þótti því nokkrum tíðindum sæta þegar í ljós kom að Þórbergi hafði láðst að geta um rúmlega áratuga ástriðufullt ástarsamband sitt við gifta konu sem gat af sér einasta (vitað) afkvæmi Þórbergs, dótturina Guðbjörgu. Og af því að hann kaus að draga fjöður yfir það - eða réttar sagt strokleður (hann strokar nafn hennar út í öllum færslum dagbókanna) - var komið tilefni til að fara nánar í saumana á hinni opinberu ævisögu með samanburði við dagbækurnar sem og annað óútgefið efni. Persónusagan hafði tilhneigingu til að yfirskyggja bókmenntasöguna.

Soffía Auður víkur meðvitað frá áherslu á persónu Þórbergs í verki sínu *Ég skapa þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Eða með orðum hennar sjálfar:

„Ef markmiðið er að stefna að auknum skilningi á skrifum Þórbergs tel ég vænlegra til árangurs að greina skrif hans fremur en að greina persónu hans ...“(41).

Samt er ekki svo að skilja að persóna Þórbergs liggi óbætt hjá garði, öðru nær, hún er undir og yfir í öllu verkinu, enda hvernig ætti öðruvísi að vera þegar Þórbergur á í hlut? Sem helgast raunar af efnistöfum bókarinnar en eins og Soffía tekur fram þá kannar hún fyrst og fremst „þær bækur sem hafa að geyma sjálfslýsingar Þórbergs – *Bréf til Láru, Íslenskan aðal, Ofvitann, Sálminn um blómið* og *Í Suðursveit ...*“ (16) Og mætti auka enn við *Í kompaníu við allífið*, en í tengslum við það setur Soffía fram þá athyglisverðu kenningu að Matthías Johannessen sé í raun hönnuðurinn að hinni opinberu ímynd Þórbergs, að með *Kompaníinu* hafi Matthías framkallað þá mynd sem varð að staðalímynd skáldsins með íslenskri þjóð. Og kann að hljóma ögn ískyggilega ef höfð eru í huga orð Guðmundar G. Hagalín sem að lestri loknum mun hafa látið uppi þá skoðun að með *Kompaníinu* hefði Matthías afrekað að breyta Þórbergi úr þjóðskáldi í þjóðfífl. (28)

Þá staðalmynd tekst Soffía á hendur að brjóta markvisst upp. Og beitir til þess hugtökum á borð við „flökkusjálfi“ sem yfirfært á Þórberg bregður upp safni sjálfsmynda sem kápa bókarinnar kinkar kankvíslega kolli til, en þar birtir Þórbergur hinar ýmsu manngerðir sem hann átti í sínu *fjölmyndasafni* (annað hugtak frá Soffíu komið).

„Sannleiksleikur“ er þriðja hugtakið úr smiðju Soffíu, einskonar viðbót við „sannleiksleit“ sem Þórbergi var gjarnan eignuð. Annar kafli bókarinnar er helgaður umræðu undanfarinna ára um sannleika og skáldskap og samleik þeirra í sjálfsævisögum. Soffía fer um víðan völl umræðunnar héraðs og erlendis og niðurstaðan eins og vænti mátti: „að slíkar vangaveltur um það hversu vonlaust það sé að rita sjálfsævisögu séu orðnar órjúfanlegur þáttur af ritun einmitt slíkra sagna.“ (61)

Það er eitt einkenni á verki Soffíu hve víða hún kemur við og hve margir eru kallaðir að borðinu. Varla tilviljun að hún skuli í inngangi sækja einkunnarorð til rússneska málvísindamannsins Mikhail M. Bakhtins sem hugtakið fjölröddun er kennd við. *Ég skapa – þess vegna er ég* er margradda verk. Soffía mátar viðfangsefni sitt við flest það helsta sem hefur verið á döfni í bókmenntaumræðu samtímans því auðvitað sleppa menn ekki frá breytipróun tímans þótt þeir séu komnir sex fet í jörðu. Mögulega kynni einhver að hvá þegar Soffía leiðir Þórberg til fundar við jafn ólíklega hugsuði og þá Deleuze og Guattari, franska háspekinga sem '68 byltingin skaut upp á stjörnuhimininn og Þórbergur hefði vísast sakað um höfuðsyndirnar fjórar: uppskafningu, lágkúru, ruglandi og skalla. Michel Foucault er líka nefndur til leiks, en þessir þrír Frakkar eiga allir sammerkt að gjalda varhug við innbyggðum og forhönnuðum stýringum á sjálfinu. Að það sem við nefnum sjálf og teljum alfarið okkar, kunni að vera leppað af ópersónulegum öflum sem skýri og stýri að einhverju leyti hegðun okkar og nesti okkur með staðlað gildismat. Eða eins og Michel Foucault kemst að orði í *Fornleifafræði þekkingarinnar* :

„Spyrjið mig ekki hver ég sé og biðjið mig ekki um að vera ævinlega sá sami: þannig hugsar bara þjóðskráin sem hefur með vegabréfin okkar

að gera. En við frábiðjum okkur afskipti hennar þegar við erum að skrifa.”

³

Kamelljónið Þórbergur hefði vísast sagt ókei við þessu.

En auk þess að stofna til óvæntra kynna gleymir Soffía ekki að endurnýja þau hin gömlu. Að óreyndu hefði maður haldið að nú þegar *Bréf til Láru* er komið á tíræðisaldur væru öll kurl komin til grafar og fátt nýtt um verkið að segja. En jafnframt því að halda til haga hinni kunnu viðtökusögu, eykur Soffía enn við og finnur óvænta fleti. Til dæmis að taka þegar Þórbergur segist hafa fundið hinum frægu óléttueinkennum sínum stað í lækningabók Jónassens, tekur Soffía hann á orðinu og flettir upp í nefndu verki og hvað kemur á daginn? Þar er ekki að finna staf um meðgöngu og fæðingu. Enn eina ferðina er Þórbergur staðinn að skáldskap! (72)

Eftirtektarverð er sömuleiðis yfirferð hennar um efni íslenskra blaða og tímarita um það bil sem Þórbergur kom til Reykjavíkur í byrjun aldarinnar og má ætla að hann hafi handleikið á skólabaslárunum þegar blöð og tímarit voru lesin upp til agna: Túrgenev, Dostojevskíj, Tolstoj, Gorkí, Dickens. Goethe, Schiller, Heine, Maupassant, Zola, Edgar Allan Poe, Walt Whitmann, Nietzsche, Bergson ... hafa samkvæmt því getað farið um hug og hendur Þórbergs unga. (98)

Sérlega áhugaverður er samanburður á *Bréfi til Láru* og Heine... Soffía rifjar upp rannsókn Eysteins Þorvaldssonar bókmenntafræðings á skyldleika *Das Buch Le Grand* eftir Heine og *Bréfs til Láru*, eða með orðum Eysteins: textinn „sé settur fram í fyndnum spjalltóni í formi sendibréfa til ímyndaðrar konu“ og Soffía upplýsir um nafnið á viðtakandanum: Lára.

Það er með aðföng eins bókmenntaverks að þau geta verið svo margháttá og margslungin að líkindin sem Soffía dregur af straumvatni eru sérlega viðeigandi (103). Áin sem rennur um fjölbreytilegasta landslag og tekur á vegferð sinni við aðstreymi frá ótal þverám, lækjum og sitrum að ógleymdri blessaðri ofankomunni. Þannig gefst meðal annars tilefni til fróðlegs samanburðar á verki James Boswell (1740-1795) um Samuel Johnson og ævisögu Þórbergs um Árna prófast Þórarinsson sem þarf ekki

³ Michel Foucault, *L'archéologie du savoir* (1969), bls. 28.

að réttlætast af öðru en því að Þórbergur nefnir Boswell á einum stað sem bókmenntalegt viðmið. (260)

Það er ekki síst gildi yfirlitsverka á borð við *Ég skapa - þess vegna er ég* að stilla út stöðum sem kjarna fyrir lesandanum verkin upp á nýtt. Í umfjöllun um Suðursveitarbækur Þórbergs staldrar Soffía við steinana. Hina frjóu upplifun barnsins á stórgrýtinu sem hefur hrunið úr fjallinu ofan við bæinn og verða einskonar sálufélagar Þórbergs unga. Soffía beinir athygli að steininum sem var ekki sýnilegur nema stundum. „Þessum steini líkir Þórbergur við *móður sína* án þess að hann geti útskýrt hvernig á því stendur og það er „eitthvað óhugnanlega dularfullt“ við hann.“ Soffía rekur þessar hugleiðingar saman við kenningar Freuds um það hvernig börn læri að sætta sig við aðskilnað við móður sína. En mætti ekki líka ætla að Þórbergur væri hér ómeðvitað að heilsa upp á Ödipusarduldina? Ekki síst þar sem athuganir barnsins á steininum verða að fara leynt. „Hann pápi getur komið þá og þegar og sagt: „Því liggurðu hér eins og helvítis ómagi?“⁴

Lýsingin tekur yfir einar níu blaðsíður í *Steinarnir tala* sem jafnframt eru niðurlag verksins og eins konar niðurstaða. Að móðirin, sem Þórbergur dáði umfram aðrar verur, hafi ekki mátt skína nema í vissu ljósi? Í góðu samræmi við Freud göfgar hinn þroskaði maður svo hvötina þegar steinarnir eru orðnir „risavaxið listasafn“ (128, 137).

Soffía tekur til í skólagöngu Þórbergs í fimmta kafla. Sú mynd sem lesendur Þórbergs hafa haft af námsmanninum Þórbergi er óneitanlega hrakfallabálgur, hvernig hann hrökklaðist úr Kennaraskólanum og fór í tvígang erindisleysu frá prófborði í Menntaskólanum í Reykjavík. En háskólanámið hefur ósjálfrátt viljað fylgja með, ekki síst af því að Þórbergi var meinað að ljúka því formlega með prófi. En Soffía leiðir í ljós hve gagnert þetta fimm ára háskólanám hefur verið í raun og hve heilshugar

⁴ Í *Suðursveit* (1975), bls. 153.

Þórbergur gaf sig því á vald og hvert mót það setti á vinnubrögð og viðhorf höfundarins. Má segja að Soffía útskrifi Þórberg frá norrænueld Háskóla Íslands heilli öld eftir að honum var gert að fara þaðan bónleiðum.

Það gildir líku um ljóðagerð Þórbergs og háskólanámið, hún hefur hálfpartinn orðið viðskila við skáldið (nema í áliti Halldórs Laxness sem vildi gera hana að aðalatriði í höfundarverkinu þegar sá gállinn var á honum). Soffía tekst á hendur næsta tæmandi úttekt á ljóðskáldinu í sjötta kafla bókarinnar. Henni telst til að prentuð kvæði skáldsins telji hátt á fjórða hundrað erinda og mætti margt skáldið sjálfsagt nægjast við minna, að ógleymdu því að sum ljóða Þórbergs eru óbrigðult sungin hvenær sem landar hans hefja söng í gleðskap - „Í Skólavörðuholtið hátt“, „Seltjarnarnesið“... - ásamt „Maístjörnu“ Halldórs Laxness.

(Mætti kannski sjá í ljóðagerð þessara tveggja risa vísi að því sem skilur þá að: annars vegar lifun komin úr dulvituðu þjóðar- og sálardjúpi (Halldór), hins vegar upplifun hins utanaðkomandi sem hendir reiður á og fangar það sem sýnist (Þórbergur). Þannig sé ljóðrænan aðal ljóða Halldórs, skopið Þórbergs. Birt án ábyrgðar).

Í áttunda kafla fjallar Soffía um stílfræði Þórbergs, en hann er örugglega sá íslenskur höfundur sem mest og best hefur skrifað um það hvernig „eigi“ að skrifa - eins konar „skapandi skrif“ löngu áður en hugtakið fékk akademískan sess. Ritgerðin „Einum kennt – öðrum bent“ blasir við, en líka fjölmargir staðir allt frá *Bréfi til Láru* til *Sálmsins um blómið* þar sem höfundurinn leggur frá sér pennann og tekur upp kennaraprikið. En eins og oft vill verða var það ekki kennslustundin sem sat eftir (nákvæmni, tilgerðarlaus ekki-kiljanskur stíll) heldur frímínúturnar: ónákvæmni, þ.e. að skrifa hlutlæga frásögn á huglægan hátt. Reyndar boðar Þórbergur einmitt þetta í minningarorðum um séra Árna Þórarinsson sem birtust í Þjóðviljanum 13. febrúar 1948, heilir átta dálkar þar sem hann lítur yfir farinn veg ævisögunnar, jafnframt því sem hann hugleiðir hlut sinn í verkinu. Með þessari blátt áfram niðurstöðu:

„Í frásagnarsnilli er aðeins einn erfiðleiki. Það er að gera staðleysur að staðreyndum, sem áheyrandinn trúir.“

Og leggur síðan frá sér kennaraprikið til að senda tortryggjendum sínum fingurinn: „Það er ein af náðargáfum snillingsins að trúa því, sem hann veit, að er lygi.“ (248)

Löngu síðar fékk aðferðin heiti – frá öðrum Bergi komið – „skáldævisaga“ sem fellur eins og flís við óæðri enda okkar allranýjustu bókmennta. Í lokakafla *Ég skapa – þess vegna er ég* tilgreinir Soffía eina tólf nútímahöfunda íslenska sem allir hafa játast Þórbergi á einhvern máta og smíðar af því tilefni hugtakið, „textafagnað“ með hliðsjón af mannfagnaði:

Tilgáta mín er að með skrifum sínum hafi Þórbergur kynnt til sögunnar nýja tegund bókmennta á Íslandi, bókmenntagervi sem sterk rök eru fyrir að kenna við skáldævisögu, og þannig haft mikil áhrif á íslenskar bókmenntir, ekki síst frásagnarbókmenntir síðastliðinna tuttugu ára. Samtímamenn Þórbergs áttu oft í erfiðleikum með að skilgreina og flokka bækur hans og var það helst þessi samsláttur ævisögu og skáldskapar, hvernig hann leikur sér á landamærum lífs og listar, sem vafðist fyrir þeim sem um bækurnar fjölluðu. Það er hins vegar engu líkara en að í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar sé uppskerutið úr akri Þórbergs. Þetta bókmenntagervi, sem Þórbergur innleiddi í íslenskar bókmenntir, blómstrar í skrifum jafnt yngri sem eldri höfunda um leið og hugtakið sjálft hefur fest rætur í íslenskri bókmenntaumræðu. (23)

Í ljósi þessa er ekki laust við að spásögn hins áttæða Þórbergs í viðtali við hinn tvítuga Davíð Oddsson, fyrir Skinfaxa, mál gagn Framtíðarinnar anno 1968: „Ég er ekki móðerni. Ég er eins og menn verða eftir næstu aldamót“ hafi fengið á sig svip áhrínisorða.

Skyldi Þórberg hafa órað fyrir því 25. september 1959 þegar hann var, að venju, að færa inn í dagbókina veðurlýsingu og annað sem á daginn hafði drifið, að ögn austar við Hringbrautina hefði þann sama dag komið í heiminn stúlka, rauðhaus eins og hann, sem átti heldur betur eftir að koma við hans sögu. *Kompaníið* hafði komið út fyrr á því ári í tilefni af „sjötugsafmæli“ höfundarins og festi í sessi mynd sem þetta nýfædda stúlkubarn átti í fyllingu tímans eftir að taka upp á nýtt og stækka. Með doktorsriterð sinni og bók hefur Soffía endurskilgreint höfundarstöðu Þórbergs og efnt það fyrirheit sem hún lagði upp með: „að stefna að auknum skilningi á skrifum Þórbergs Þórðarsonar.“ Verkið kemur við flesta þætti í höfundarverkinu, dýpkar þá og stækkar, sérstaka athygli

vekur hugkvæmni höfundarins við að smíða og upphugsa hugtök sem knýja fram efnið, en allt er verkið eftirtakanlega vel hugsað og stílað.

Aðeins má ég til með að hnýta í uppsetningu nótuverkens: nóturnar hljóta sín númer innan hvers kafla frá einum og upp, en síðan eru engir hlaupatitlar á nótusíðum til að auðvelda manni staðsetningar og léttu leitina. Þetta kemur ekki að sök þegar verkið er lesið frá byrjun til enda, en getur verið tafsamt þegar lesandinn vill grípa niður eftir atvikum hér og þar og þarf þá ævinlega að fletta fyrst upp á kaflanúmerinu til að ramba á rétta staðinn.

En ef að líkum lætur eiga menn oft eftir að grípa niður í Þórbergsbók Soffíu Auðar Birgisdóttur.